# Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Dögun

## Vélstjórn, viðhald og rekstur kerfa

**Dögun leitar að nýjum liðsmanni.**

Félagið starfrækir mjög tæknivædda vinnslu sem krefst þekkingar og útsjónarsemi við rekstur og umsjón. Um er að ræða fjölbreytt starf á sviði vélstjórnunar, viðhalds, iðnstýringa og fleira.

**Helstu verkefni:**
- Vélgæsla og viðhald.
- Umsjón með viðhaldi og viðgerðum.
- Rekstur vélbúnaðar, tækja- og iðnstýrikerfa.
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila.
- Allskonar reddingar og inngrip þegar þörf er á!

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla og þekking af vélbúnaði.
- Geta til að skipuleggja og vinna verkefni.
- Sjálfstæði í starfi, samskiptahæfileikar.
- Menntun á sviði vélstjórnar og/eða vélvirkjun.
- Góð tölvukunnátta.

Upplýsingar veitir Óskar Garðarsson í síma 892-1586. Vinsamlegast sendið umsókn á oskar@dogun.is

Dögun sérhæfir sig í vinnslu á rækju og starfrækir mjög fullkomna rækjuvinnslu á Sauðárkróki. Við erum stöðugt að uppfæra tæki, búnað og vinnslulínur.

Dögun hefur starfað samfleytt í 40 ár á traustum grunni. Yfir 90% af sölu félagsins fer á erlenda markaði.

Framúrskarandi fyrirtæki 2021-2023

## Sölustjóri

**Vinnupallar leita að kröftugum, skipulögðum og árangursdrifnum sölustjóra**

- Þú elskar að finna skapandi lausnir á ófyrirsjáanlegum áskorunum
- Sölueðlið kraumar í blóðinu og þú nýtur þess að þjónusta, styrkja og efla viðskiptavini sem samstarfsfólk
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði, sjálfstæði og drifkraft metum við mikils
- Þekking á mannvirkjaiðnaði sem og tengslanet hjálpar

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Umsjón með sölustarfi
Umsjón með tilboðs- og áætlanagerð
Rekstur verslunar
Innkaup

**Menntunar- og hæfniskröfur**

Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af sölustörfum, tilboðs- og áætlanagerð
Frumkvæði, sjálfstæði og drifkraftur
Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2024**
Umsóknir óskast sendar í gegnum alfred.is

VINNUPALLAR

Vinnupallar bjóða hnitmiðað vöruúrval öruggra áhalda og tækja sem og þjónustu á hagstæðu verði. Kjarnamarkmið Vinnupalla er að styðja við og efla alhliða öryggi við framkvæmdir og veita persónulega lausnamiðaða þjónustu.

Morgunblaðið

Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á

atvinna@mbl.is

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ 1927 AKRANESI

## Bifreiðastöð ÞÞÞ auglýsir eftir stjórnanda

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stjórnunarstörfum og geta unnið sjálfstætt og í góðum hóp.

Umsækjendur hafi samband við Kristmund Einarsson framkvæmdastjóra á netfangið **kristmundur@snokur.com**

**Bílaverkstæði Hjalta auglýsir eftir bifvélavirkjum eða vélvirkjum á fólksbíla- og vörubílaverkstæði sem opnar á næstu vikum að Smiðjuvöllum 15 í nýrri aðstöðu.**

Umsækjendur hafi samband við Kristmund Einarsson framkvæmdastjóra á netfangið **kristmundur@snokur.com**

Bílaverkstæði Hjalta ehf.

## Fjármálastjóri LAXEY

LAXEY

**LAXEY óskar eftir að ráða öflugan starfsmann sem fjármálastjóra félagsins.**

LAXEY er fiskeldisfyrirtæki sem er í örum vexti og stefnir á framleiðslu á 32.000 tonn á ári af laxi. Félagið er full-fjármagnað fyrir fyrsta fasa framkvæmda og hefur hafið notkun á seiðaeldistöð sinni í Vestmannaeyjum ásamt því að byggja upp matfiskstöð í Viðlagafjöru á Heimaey.

Starfsmaður mun vinna að fjölmörgum verkefnum á fjármálasviði við uppbyggingu félagsins. Mun hann vinna náið með framkvæmdarstjóra og stjórn félagsins.

**Helstu verkefni eru:**
- Stjórn á fjármálasviði félagsins
- Dagleg umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra og stjórnar fyrirtækisins
- Áætlana- og skýrslugerðir
- Ábyrgð með skilum á gögnum til endurskoðanda og opinberra aðila
- Samskipti við fjármálastofnanir, skuldunauta, lánadrottna og starfsmenn félagsins
- Utanumhald um vistun bókhaldsgagna og reikninga
- Ábyrgð á árs- og árshlutauppgjörum

**Hæfniskröfur:**

Leitað er að öflugum einstaklingi í stjórnunarstarf, þar sem frumkvæði, samskipta- og leiðtogahæfni sem og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Skilyrði er að starfsmaður hafi viðeigandi háskólamenntun tengda fjármálum og viðskiptum. Fjármálastjóri tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun LAXEY og þá er krafa að viðkomandi búi í Vestmannaeyjum.

- Öguð, skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði, drifkraftur og góð samskiptahæfni
- Metnaður fyrir starfinu og uppbyggingu félagsins
- Háskólamenntun, framhaldsmenntun á sviði fjármála er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum og bókhaldstörfum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2024**

Umsóknir með ferilskrá og kynningarbréfi skulu berast til Daða Pálssonar, framkvæmdarstjóra félagsins á net-fangið: dadi@laxey.is merkt „Fjármálastjóri“.

Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð umsókna.
Öllum umsóknum verður svarað.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR




**Viltu taka þátt í að móta rekstrarumhverfi orku- og veitustarfsemi á Íslandi og stuðla þannig að grænu Íslandi til framtíðar?**

Samorka óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf verkefnastjóra stefnumótunar og hagsmunagæslu. Um er að ræða spennandi starf fyrir einstakling sem hefur áhuga á að leiða stefnumótun, innleiðingu stefnu og hagsmunagæslu samtakanna á sviði orku- og veitumálefna. Viðkomandi mun taka þátt í mótun starfsumhverfis orku- og veitugeirans og eiga í miklum samskiptum við kröftug aðildarfélög, stjórnvöld og haghafa samtakanna.

## Helstu verkefni:

- Samstarf og samskipti við opinberar stofnanir, önnur samtök og haghafa varðandi áherslur Samorku í orku- og veitutengdum málefnum.
- Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi á sviði orku- og veitumálefna og miðlun efnis til aðildarfélaga.
- Umsjón með stefnumótun, innleiðingu stefnu og eftirfylgni með verkefnum.
- Þátttaka í gerð kynningarefnis og kynningar á stefnu og áherslum Samorku.
- Umsjón með tilteknum fag- og málefnahópum sem starfa á vettvangi samtakanna.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði lög-, hag- eða stjórnmálafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking, reynsla og innsýn í starfsemi rekstrar- og lagaumhverfis orku- og veitugeirans er kostur.
- Reynsla af starfi hjá hagsmunasamtökum, stjórnsýslu eða sambærilegum störfum er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð hæfni í textagerð og reynsla af miðlun upplýsinga.
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku.

## Um Samorku:

Hjá Samorku starfar metnaðarfullur og samhentur hópur starfsmanna með brennandi áhuga á orku- og veitumálum. Aðildarfélög Samorku eru um 50 orku- og veitufyrirtæki um allt land og eru samtökin aðilar að Samtökum atvinnulífsins.

Stefna Samorku er að Ísland verði áfram leiðandi og fyrirmynd annarra þjóða í nýtingu grænnar orku. Við vinnum í átt að markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi og að Ísland verði knúið og kynt með grænni orku sem unnin er með sjálfbærum og ábyrgum hætti innanlands.

Samorka eru atvinnugreinasamtök aðildarfyrirtækja og faglegur vettvangur þeirra í félags-, kynningar- og fræðslumálum. Það eru spennandi tímar í orku- og veitumálum við að tryggja áfram heilnæmt drykkjarvatn, umhverfisvænar fráveitur, heitt vatn og rafmagn fyrir heimilin, atvinnulífið og orkuskiptin.

Umsóknarfrestur er til og með **22. júlí 2024**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511-1225 og Finnur Beck, framkvæmdastjóri Samorku (finnur@samorka.is).

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



# Við erum í liði með Póstdreifingu

**8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.**

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
**300.000–850.000**
krónum á 8 vikum

**Skráðu þinn hóp**




**Póstdreifing**

# Raðauglýsingar

## Tilboð/útboð

ÖLFUS

### ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í:

**„Ný vatnsrennibraut við sundlaug Þorlákshafnar“**

Um er að ræða útboð um kaup á nýrri vatnsrennibraut fyrir sundlaug Þorlákshafnar. Innifalið í tilboði skulu vera 2 vatnsrennibrautir, turn, lokað stigahúsi, dælur ásamt vatnslögnum frá dælum að rennibrautum, allar raflagnir frá dælum og í turni, hlóð og ljósabúnaður fyrir turn, öll hönnun á burðarvirki og lögnum fyrir rennibrautir, uppsetning og annað það sem þarf til að skila full unnu verki skv. útboðslýsingu.

Verklok eru apríl 2025.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:
https://olfus.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/b8bd-94cc-f33c-470b-b815-0e602c34acd4

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og er hvattur til að hefja tímanlega vinnu við að skila því inn.

Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 þriðjudaginn 6. ágúst 2024.**

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Sveitarstjórn Ölfuss






# Smáauglýsingar

## Til sölu

**Til sölu Fiat húsbíll**
Ekinn 47 þ.km. Verð 2,5 millj.
**Upplýsingar í síma 893 7429**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?**

Kaupum bíla 23-250 þús.

**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Ýmislegt

**Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur**

**Síðumúla 31**
**588 6060 og 894 4014**

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill.** - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins**

**SRFR.**

## Þjónusta

**SANDBLÁSTUR & MÁLUN**
**á stáli, tré o.fl.**

*Þú kemur til okkar eða við til þín*

WWW.BLASTUR.IS

*Blásum nýju lífi í hlutina*

**Verkstæði & verktakar**
**Helluhrauni 6, 220 Hfj.**
**S. 555-6005**

## Sumarhús



**Sumarhús – Heilsárshús**
**Gestahús – Breytingar**

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
**Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

## Veiðivörur

**HEIMAVÍK**
**Sumarið er tíminn**




*Sjóbleikjunet - Silunganet*
*Fyrirdráttarnet*
*Laxanet fyrir veiðiréttthafa*
*Ofurbleikjunet, grunn*
*Kraftaverkanet – margar tegundir*
*Bólfæri - Netpokar*
*Eitthvað meira skemmtilegt*

*Sendum um allt land*

***Þekking – Reynsla – Gæði***

**HEIMAVÍK EHF**
**heimavik.is**
**s. 892 8655**

## Húsviðgerðir

**Húsaviðgerðir**
**www.husco.is**
**Sími 555 1947**
**Gsm 894 0217**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK**
**FLOTUN - SANDSPARSL**
**MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

## Garðar

**SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**

Öll almenn járnsmíði - Sláttuorf
Sláttutraktorar - Dælur -
Jarðvegsþjöppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði -Sláttuorf
Keðjusagir - Hekkklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum



**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**
**Vélaverkstæði JS**
**Sími: 554 0661**
Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502


Morgunblaðið
*– með morgunkaffinu*





# Atvinna

Fáðu meira út úr þinni **atvinnuauglýsingu!**



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku.** Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is.** Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – **eitt verð!**

1 **Morgunblaðið** fimmtudaga

2 **Morgunblaðið** laugardaga

3 **mbl.is** atvinna

4 **finna.is** atvinna

**110.000** manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023




Morgunblaðið mbl.is FINNA